



Alþingi
Erindi nr. Þ 139/2718
komudagur 24.5.2011

24. maí 2011
SI-75211

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um gjaldeyrismál og tollalög, þskj. 1398 - 788. mál.

Seðlabanki Íslands hefur móttengið erindi Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum, þskj. 1398 – 788. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að reglur um gjaldeyrismál sem Seðlabanki Íslands hefur sett, með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um gjaldeyrismál, verði felldar inn í lög um gjaldeyrismál nr. 87/1992 með síðari breytingum.

Þann 28. nóvember 2008 voru lög nr. 134/2008, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál, með síðari breytingum, samþykkt og var í þeim m.a. kveðið á um heimild Seðlabanka Íslands, að fengnu samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra, til að setja reglur sem takmarka tiltekna flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati Seðlabankans alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum, sbr. bráðabirgðaákvæði I. Var ákvæðið byggt á útvíkkun á 3. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, sem kvað á um takmarkaðri heimild til handa Seðlabanka Íslands að höfðu samráði við efnahags- og viðskiptaráðherra. Í athugasemdum við frumvarp til framangreindra laga kom m.a. fram að eitt brýnasta verkefni Seðlabankans væri að tryggja stöðugleika íslensku krónunnar, búa í haginn fyrir styrkingu gengisins og því væri óhjákvæmilegt að beita tímabundnum takmörkunum á gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnsviðskipta. Heimildin var tímabundin og miðaðist við upprunalega áætlun um samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, þ.e. til 30. nóvember 2010. Þá kom fram í lögnum að reglurnar skyldu koma til endurskoðunar á sex mánaða fresti frá útgáfu þeirra. Með lögum nr. 78/2010, um breytingu á lögum um gjaldeyrismál og tollalögum, með síðari breytingum, var þessi tímabundna heimild framlengd til 31. ágúst 2011, í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að framlengja samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Frá upphafi hefur því verið gert ráð fyrir því að reglurnar væru einungis tímabundin ráðstöfun.

Vegna mikillar óvissu um hvort gjaldeyrisreglurnar væru nægilega þéttar til þess að ná markmiðum sínum var mikilvægt að Seðlabankinn hefði sveigjanleika til bregðast við óvæntum aðstæðum án þess að leggja þyrfti slíka breytingu fyrir Alþingi. Slík óvissa er ekki til staðar nú í jafnríku mæli auk þess sem töluverð reynsla er nú komin á skýringu og framkvæmd reglnanna. Með tillögu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins til efnahags- og skattanefndar um breytingu á 6. gr. frumvarpsins er lagt til að búið verði svo um hnútana að lögfestingin trufla ekki losun hafta í samræmi við áætlun Seðlabanka Íslands, sem birt var 25. mars sl. og yfirlýsingu efnahags- og viðskiptaráðherra þann sama dag.

Við samningu frumvarps þessa var haft samráð við Seðlabankann enda hefur hann hingað til mótað reglurnar um gjaldeyrisráðgjafi og gefið þær út með samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra.

Með vísun til framanritaðs fellst Seðlabankinn á þau rök efnahags- og viðskiptaráðherra að eðlilegt sé að reglurnar verði lögfestar nú þegar fyrirsjáanlegt er að gjaldeyrishöftin verði til staðar nokkuð lengur en áætlað var í upphafi.

Hins vegar telur Seðlabankinn að nauðsynlegt sé að gera leiðréttingar á 13. gr. b og 13. gr. n frumvarpsins. Seðlabankinn leggur til að 13. gr. b verði svohljóðandi:

Eftirfarandi fjármagnshreyfingar milli landa eru óheimilar:

1. Viðskipti og útgáfa verðbréfa, hlutdeildarskírteina í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, peningamarkaðsskjala og annarra framseljanlegra fjármálagerninga.
2. Innlegg á og úttektir af reikningum í lánastofnunum.
3. Lánveitingar, lántökur og útgáfa ábyrgða sem ekki tengjast milliríkjavíðskiptum með vöru og þjónustu.
4. Inn- og útflutningur verðbréfa og innlends og erlends gjaldeyris.
5. Framvirk viðskipti, afleiðuviðskipti, viðskipti með valrétti, gjaldmiðla- og vaxtaskipti og önnur skyld gjaldeyrisviðskipti þar sem íslenska krónan er annar eða einn gjaldmiðlanna.
6. Gjafir og styrkir og aðrar hreyfingar fjármagns hliðstæðar þeim sem taldar eru upp í 1.–5. tölu. og eru til þess fallnar að valda alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum.

Allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. á milli landa í erlendum gjaldeyri eru óheimilar, nema um sé að ræða greiðslu vegna kaupa á vöru eða þjónustu eða annarra fjármagnshreyfinga sem sérstaklega eru undanþegnar í lögum þessum. Þá er einstaklingi sem er erlendur aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri ef sýnt er fram á að féð sé til framfærslu. Nær heimildin vegna framfærslu til fjármagnshreyfinga á almanaksári fyrir allt að jafnvirði 3.000.000 kr. fyrir einstakling, 6.000.000 kr. fyrir hjón/sambúðaraðila og 2.000.000 kr. fyrir hvert ólöggráða barn sem lýtur forsjá og er með lögheimili hjá framangreindum. Enn fremur er einstaklingi sem er

erlendur aðili heimilt að flytja út erlendan gjaldeyri sýni hann fram á að fjármunirnir séu andvirði slysabóta eða arfs sem tæmst hefur við dánarbússkipti. Námsmenn sem sýnt geta fram á að þeir séu í láns hæfu námi erlendis, samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, teljast erlendir aðilar í skilningi þessa ákvæðis.

Allar fjármagnshreyfingar samkvæmt 1. mgr. á milli landa í innlendum gjaldeyri, eru óheimilar. Undanþegnar banni 1. málsl. eru:

- 1. Fjármagnshreyfingar sem eru sérstaklega undanþegnar í lögum þessum og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.*
- 2. Fjármagnshreyfingar vegna vöru- og þjónustuviðskipta, sem ekki fara fram í erlendum gjaldmiðli, þar sem greiðslan fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.*
- 3. Fjármagnshreyfingar vegna fasteignaviðskipta hér á landi og viðskipta með fjármálagerninga sem Seðlabanki Íslands metur gilda til tryggingar í viðskiptum við bankann samkvæmt reglum um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands, og útgefnir eru í innlendum gjaldeyri, þegar greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu kaupanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.*
- 4. Fjármagnshreyfingar vegna greiðslu á kröfum úr þrotabúi og greiðslu sammingskraftna samkvæmt nauðasamningi, sbr. lög nr. 21/1991, og greiðsla fer fram með úttektum af reikningi í eigu greiðanda hjá fjármálafyrirtæki hér á landi.*

Einnig er lagt til að 4. mgr. 13. gr. n verði svohljóðandi:


Lögaðili, sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið við yfirráðum yfir með því að skipa honum skilanefnd eða bráðabirgðastjórn, og lögaðili, sem héraðsdómari hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum nr. 161/2002, eru undanþegnir 2. mgr. 13. gr. b 13. gr. e, 1. mgr. 13. gr. f, 13. gr. g og 13. gr. h og 13. gr. l.


Telur Seðlabankinn að í ákvæðum 13. gr. b og 4. mgr. 13. gr. n eins og þau eru í frumvarpinu sé misritum sem hafi í för með sér efnisbreytingu frá reglum nr. 370/2010 sem ekki hafi verið ætlunin að gera og nauðsynlegt sé að leiðrétta. Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. framangreindra reglna eru innlendir aðilar sem eru aðilar að fjárfestingarsamningi við íslenska ríkið og innlendir aðilar sem starfa samkvæmt leyfi iðnaðarráðherra til olfuleitar samkvæmt lögum 13/2001, undanþegnir reglunum að undanskildum 3. mgr. 2. gr., 3. gr. og 9. gr. þeirra. Þannig hafa þessir aðilar ekki heimild til gjaldeyrisviðskipta sem tengjast fjármagnshreyfingum milli landa í erlendum gjaldeyri samkvæmt núgildandi reglum. Í frumvarpinu, 2. mgr. 13. gr. n, er gert ráð fyrir að þessir aðilar séu undanþegnir ákvæðum 13. gr. b -13. gr. m að undanskildum 3. mgr. 13. gr. b, 13.

gr. c og 13. gr. i. Að óbreyttu yrðu þessum aðilum heimil gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnshreyfinga milli landa í erlendum gjaldeyri, sbr. 1. mgr. 13. gr. b frumvarpsins. Telur Seðlabankinn að til að koma í veg fyrir þessa efnisbreytingu sé nauðsynlegt að orða ákvæðin á þann hátt sem hér er lagt til. Á sama hátt verði ákvæði 4. mgr. 13. gr. n að orðast með þeim hætti sem hér er lagt til þar sem þeim aðilum sem þar eru tilgreindir er samkvæmt nágildandi reglum ekki heimilt að eiga gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnshreyfinga sem þeim tengjast milli landa í erlendum gjaldeyri og ekki er lagt til að breyta því.

Seðlabankinn leggur áherslu á að framangreindar leiðréttingar á frumvarpinu nái fram að ganga en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sigvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Þuríður Árnadóttir
staðg. forst.m. gjaldeyriseft.